

REGLUGERÐ

fyrir Kennaraháskóla Íslands námsárið 1971—72.

I. Stjórn skólans og kennarar.

1. gr.

Við skólann starfa lektorar, og skal miða við, að einn lektor hið fæsta komi á hverja skor.

2. gr.

Störf lektora skiptast á kennslu, umsjón og rannsóknir. Skólaráð ákveður hlutfallið milli þessara starfa. Að jafnaði skal starf lektors vera kennsla að meiri hluta og umsjón ekki fara fram úr 10% af heildarstarfi hans. Ef lektor sinnir engum störfum öðrum en kennslu á háskólastigi, er kennsluskylda hans allt að 18 vikustundir. Nú er tilskilinn stundafjöldi ekki fyrir hendi á háskólastiginu, og er þá lektor skylt að kenna í öðrum deildum skólans, sbr. 24. gr. laga nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands, svo að kennsluskylda hans sé fullnægt. Skulu 3 kenndar stundir í þeim deildum jafngilda 2 kenndum stundum á háskólastiginu.

3. gr.

Ef aðeins einn lektor er við skor, gegnir hann skyldum skorarstjóra. Kosning skorarstjóra fer í fyrsta skipti fram innan mánaðar frá ráðningu lektora haustið 1971.

4. gr.

Skorarstjórar hafa umsjón með greinum sínum í öllum deildum skólans. Þó er heimilt að ráða deildarkennara svo sem verið hefur til að sinna störfum, sem skorarstjórar anna ekki í deildum þeim, sem eldri eru en lagasetningin um Kennaraháskólann.

5. gr.

Skólastjórn skipa rektor og fastir kennarar (lektorar) Kennaraháskólans, skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans ásamt einum fulltrúa tilnefndum af nemendaráði fyrir hverja aðra fjóra fulltrúa, er sæti eiga í skólastjórn. Fastráðnir kennarar við gömlu deildirnar eiga sæti og atkvæðisrétt í skólastjórn, — þótt ekki séu þeir lektorar, — þegar fjallað er um málefni, er varða þær deildir. Um aðild nemenda þeirra deilda gilda sömu reglur og hingað til.

6. gr.

Í skólaráði eiga sæti rektor, skorarstjórar, þrjár fulltrúar tilnefndir af nemendaráði og einn fulltrúi lausráðinna kennara Kennaraháskólans. Deildarkennarar eiga sæti og atkvæðisrétt í skólaráði í málefnum, er varða gömlu deildirnar sérstaklega, sbr. 4. gr. Þegar fjallað er um slík málefni, skulu tveir fulltrúar nemendaráðs víkja sæti fyrir tveimur fulltrúum nemenda þeirra deilda.

7. gr.

Skólastjórn kys í fyrsta sinn rektor úr hópi fastra kennara (lektora) í janúar-mánuði 1972. Kosning skal vera skrifleg.

8. gr.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið

þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

9. gr.

Heimilt er að ráða aðstoðarrektor úr hópi fastra kennara, þótt eigi sé hann lektor.

II. Námsgreinar.

10. gr.

Á fyrsta ári Kennaraháskólans skal ljúka námi í kjarna, eftir því sem fært er, en með kjarna er átt við það námsefni, sem öllum nemendum skólans er skylt að stunda. Þessar greinar skulu kenndar veturinn 1971—1972:

A. Bóklegar greinar.

1. Uppeldisgreinar, 4 stundir á viku, þar af 1 verkleg.
2. Íslenzka og íslenzk fræði, 5 stundir.
3. Kristínfræði og trúarbragðasaga, 4 stundir.
4. Stærðfræði, 5 stundir.
5. Félagsfræði, 2 stundir.

B. List- og verkgreinar.

1. Teikning, 2 stundir.
2. Föndur, 2 stundir.
3. Söngur, 2 stundir.
4. Íþróttir og fimleikafæði, 2 stundir.

Námsefni:

1. Uppeldisgreinar.

a. Almenn sálarfræði.

Farið skal yfir nokkur meginviðfangsefni almennrar sálarfræði og skýrðar rannsóknaraðferðir hennar og markmið. Gera skal einfaldar tilraunir bóklega náminu til skýringar.

b. Uppeldisfræði og uppeldisleg sálarfræði.

Fjalla skal um meginviðhorf til uppeldis og forms þess, bæði í sögu og og samtíð. Kannaðir valdir kaflar íslenzkrar löggjafar um uppeldismál. Farið yfir nokkur meginhugtök þróunarsálfræði og skýrðar aðferðir hennar.

c. Áheyrn og skipulegar athuganir.

Einni stund á viku skal varið til áheyrnar í skóla eða annarri uppeldisstofnun, þar sem hlýtt er á kennslu eða fylgt með öðru uppeldisstarfi. Kennaraefnin skulu þjálfuð við skipulega, hlutlæga athugun og mat á atferli einstaklinga eða hópa.

Áheyrnarnemendur skulu skila skriflegum skýrslum um hverja áheyrnarstund eða verklega athugun, hver fyrir sig eða í áheyrnargengi, eftir því sem æfingastjóri ákveður.

2. Íslenzka og íslenzk fræði.

a. Hljóðfræði.

Kenna skal rækilega hljóðmyndun, hljóðritun og mállýzkur og tengja þessa kennslu lestrarkennslunni.

b. **Hagnýt íslenzkukennsla.**

Leggja skal áherzlu á almenna málnotkun, sögu íslenzkukennslu, þróun orðaforðans, skilgreining hugtaka í stílfræði og bókmenntarýni.

c. **Bókmenntalestur.**

Nemendur skulu lesa og skýra bókmenntaverk bæði í lausu máli og bundnu.

d. **Ritgerðir.**

Nemendur skulu semja ritgerðir og flytja erindi í kennslustundum. Viðfangsefni skulu tengd því námsefni, sem við er fengizi.

3. **Kristin fræði og trúarbragðasaga.**

Markmið kristindómsfræðslu er:

- Að veita kennaraefnum staðgóða þekkingu á höfuðatriðum kristinnar trúar og yfirlit um forsögu hennar og höfund, mótun, útbreiðslu og áhrif á heimsmeninguna fyrr og síðar.
- Að veita kennaraefnum hjálp til að efla þroska sinn og manngildi með fræðslu um lífsskoðun og siðgæði kristindómsins og glæða með þeim löngun til að veita nemendum sínum það veganesti, sem orðið geti þeim til heilla, hver sem lífsbraut þeirra kann að verða.
- Að veita kennaraefnum kunnáttu og þjálfun í að kenna kristin fræði samkvæmt ákvæðum fræðslulaga og reglugerða.

Námsefni:

I. **Biblíufræði.**

Veita skal kennaraefnum yfirlit yfir bækur og bókmenntaflokka Biblíunnar og kenna þeim að notfæra sér hana, bæði Gamla og Nýja testamentið. Þeir skulu læra meginatriði Ísraelssögunnar. Þeir skulu læra um sögusvið Nýja testamentisins. Vandlesa skal eitt samstofna guðspjall með hliðsjón af hinum guðspjöllunum. Enn fremur skulu þeir þekkja sögu og boðskap frumkristinnar samkvæmt Postulasögunni og öðrum ritum Nýja testamentisins.

II. **Trúarbragðafræði.**

- Veita skal kennaraefnum yfirlit yfir helztu trúar- og siðakenningar Hindúadóms, Búddhadóms, Íslams og Taóisma, og útskýra fyrir þeim meginhugtök in í frumstæðum átrúnaði og nýjum gerðum trúarbragða utan kristinnar, svo sem Mormóna, Bahaimanna o. fl.
- Kenna skal kennaraefnum um helztu kirkjuféður, brautryðjendur klausturhreyfinga og helztu klausturreglur, útbreiðslu kristinnar á Vesturlöndum, fremstu andans menn hámiðalda, nokkra mikilhæfa páfa, forgöngumenn siðbótar á síðmiðöldum, leiðtoga siðbótarkirknanna, helztu kirkjudeildir innan kristni nútímans, alþjóðlegt samstarf kirkna, veigamestu mannúðarhreyfingar og þróun og útbreiðslu náttúruréttar og mannréttinda. Kenna skal einnig yfirlit yfir kirkjufræði evangelískrar og katólskrar kirkju, útskýra messuna og aðrar helgar athafnir og fara yfir úrvalsálma og andleg ljóð.

4. **Stærðfræði.**

- Farið verður kennslufræðilega yfir samfelldan nútímatexta í námsefni á fyrstu 7 árum skyldunámsins og skýrðir með samanburði einstakir þættir í öðrum samfelldum textum þessa námsstigs.
- Grein gerð fyrir þróun hugtaka, og fjallað kennslufræðilega um starfsaðferðir, kennslutæki og sögu stærðfræðinnar.

c. Auk þess verður farið yfir fræðilegan texta til að dýpka grundvallarskilning á fyrrgreindum viðfangsefnum.

5. Félagsfræði.

Með kennslu í félagsfræðum skal stefnt að því, að nemendur öðlist þekkingu og skilning á skipulagi, gerð og starfsháttum hinna ýmsu félagskerfa á vorum dögum, bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Þá skal þjálfa nemendur í að afla upplýsinga og notfæra sér heimildir samkvæmt aðferðum félagsfræðanna og setja vitneskju sína fram á viðeigandi hátt. Með þessu móti skulu kennaraefnin búin undir að veita börnum og unglingum fræðslu í félagsfræðum.

Námsefni:

Námið miðist að nokkru við þær kröfur, sem kennsla í samfélagsfræðum á grunnskólastigi gerir til kennaraefna, einkum er varðar:

- 1) almenna félagsfræði,
- 2) stjórn málafræði,
- 3) hagfræði og þjóðarbúskap,
- 4) eitthvert svið íslensks þjóðfélags,
- 5) norrænt eða annað erlent þjóðfélag,
- 6) alþjóðamálefni,
- 7) æfingar kennslufræðilegs eðlis.

Ekki er skylt að fylgja þessari efnisaðgreiningu í kennslu. Viðfangsefnin, einkanlega hin þrjú síðastttöldu, skulu skoðuð í sem víðustu sambengi, efnahagslegu, stjórn málalegu og menningarlegu, og veita nemendum tækifæri til að kynnst helztu hugtökum í félagsfræðum.

Nemendur skulu fást við sjálfstæð verkefni, söfnun og úrvinnslu efnis og viðeigandi framsetningu. Niðurstöður má setja fram ýmist munnlega eða skriflega.

6. Föndur.

Kennslan er miðuð við 6—9 ára börn.

Viðfangsefni:

Alls konar pappírsföndur, einföld brot, bast og tágavinna, grindvefnaður, formum í pappírmassa og ýmis konar hnýtingar. Jafnframt skal fjallað kennslufræðilega um viðfangsefnin.

7. Teiknun.

Í kennslunni skal glæddur skilningur kennaraefna á myndlist og vinnubrögðum í greinum hennar með sérstakri hliðsjón af sálarfræði, uppeldisfræði og kennslufræði.

Stefnt skal að því að þjálfa nemendur í almennri teiknun, gera þá færa um að tjá sig í línun, litum og formum. Að því skal miðað, að teiknikunnáttan geti orðið nemandanum hjálpartæki hinna ýmsu náms- og kennslugreina.

Kennslan skal dýpka skilning kennaraefna á myndrænni tjáningu barna. Farið skal yfir valda kafla almennrar listasögu.

8. Söngur og tónfræði.

Markmiðið er að vekja áhuga og glæða skilning nemenda á söng og tónlist almenn. Sérstök hliðsjón skal höfð af gildi tónlistar fyrir skólastarf og uppeldi yfirleitt. Á fyrsta ári skulu kennd undirstöðuatriði almennrar tónfræði og lögð áhersla á að þjálfa lestrarhæfni nemenda á nótur að því marki, að þeir geti sungið af blaði óþekkt, einfalt lag, án aðstoðar eða með hjálp hljóðfæris. Jafnframt skal kennd raddbeiting með sérstakri hliðsjón af söng í skólum.

9. Íþróttir og fimleikafræði.

Íþróttir og fimleikafræði skulu glæða skilning kennaraefna á líkamsrækt, einkum með hliðsjón af hreyfipörf barna og gildi hinna ýmsu þátta líkamsþjálfunar fyrir andlegan og líkamlegan þroska og þrífnað.

Fjallað skal um helztu þætti leikfimi, knattleiki, leiki barna á skólaaldri, dansa, einkum hljóðfallsleik og barnadansa, útivist og útiþróttir.

III. Náms tími, próf og einkunnir.

11. gr.

- a. Námsárið 1971—72 skiptist í haustmíssi frá 1. okt. til 20. des. og vormíssi frá 7. janúar til 15. júní.
- b. Próf fara fram í lok hvors míssis. Á haustmíssi skal prófað í öllum bóklegum greinum og einkunn gefin í list- og verkgreinum. Veita má fötluðum nemanda undanþágu frá prófi í íþróttum og fimleikafræði.
- c. Í lok vormíssis skal prófað í öllum greinum.
- d. Meta skal verklegar úrlausnir í bóklegum greinum á hvoru míssi á móti úrlausnum á prófi í hlutfallinu 1 : 2.
- e. Auk prófseinkunnar skal gefa einkunn fyrir verklegar úrlausnir í list- og verkgreinum á vormíssi. Er sú einkunn $\frac{1}{3}$ af árseinkunn, prófseinkunn $\frac{1}{3}$ og einkunn á haustmíssi $\frac{1}{3}$.
- f. Árseinkunn er meðaltal einkunna á haustmíssi og vormíssi í hlutfallinu 1 : 2. Skal vera ein einkunn í hverri grein.
- g. Einkunnir skal gefa í tölunum 0—10 með fjórðungsbilum. Er 9—10 1. ágætiseinkunn, 7—8.99 fyrsta einkunn, 6—7.99 önnur einkunn og 5—5.99 þriðja einkunn.
- h. Til að fá að taka próf skal nemandi að jafnaði hafa sótt 80% kennslustunda hið minnsta og skilað verklegum úrlausnum, sem fullnægja lágmarkseinkunn í greininni.
- i. Til að standast próf skal meðaltal árseinkunna eigi vera lægra en 5 í bóklegum greinum og list- og verkgreinum hvorum fyrir sig, og árseinkunn eigi vera lægri en 5 í íslenzku og uppeldisgreinum og eigi lægri en 4 í neinni grein annarri.
- j. Ef nemandi nær tilskildu meðaltali árseinkunna, en stentz ekki próf í einstökum greinum, er honum heimilt að þreyta próf að hausti.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með skírskotun til laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, öðlast þegar gildi og gildir til loka námsársins 1971—72.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. október 1971.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.